

Umsjónarmaður

Háskólinn á Akureyri auglýsir eftir starfsmanni í 100% stöðu umsjónarmanns.

Helstu verkefni

- Dagleg þrif og umhirða nánasta umhverfis.
- Eftirlit með húsnæði og munum háskólans.
- Aðstoð við nemendur og kennara.

Hæfniskröfur

- Reynsla af ræstingum er æskileg.
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði.
- Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum.

Um er að ræða vaktavinnu frá 7:30–22:00 samkvæmt fyrirliggjandi vaktatöflu. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og SFR – stéttarfélags í almannabjónustu.

Æskilegt er að viðkomandi get hafið störf 1. júní næstkomandi .

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnar Gunnarsson í síma 460 8023 milli 09:00 – 16:00 virka daga. Fyrirspurnir má einnig senda á netfangið gunnar@unak.is.

Umsóknarfrestur er til 10. apríl 2017. Umsóknir skal senda rafrænt á skrifstofu rektors á netfangið starfsumsokn@unak.is merktar „Umsjón“. Ekki er notað staðlað umsóknareyðublað. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsókn getur gilt í sex mánuði eftir að umsóknarfresti lýkur. Háskólinn á Akureyri áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Háskólinn á Akureyri stuðlar að jafnrétti kynjanna og hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um laus störf.